

REGLUGERÐ

um heimilishjálp í Blönduóshreppi.

1. gr.

Kvenfélag Blönduóshrepps fer með stjórn heimilishjálpar í hreppnum, undir yfirstjórn hreppsnefndar.

Dagleg umsjón með framkvæmdum heimilishjálparinnar skal vera í höndum sérstaks fulltrúa kvenfélagsins, og á hann rétt á að sitja fundi hreppsnefndar, þegar rædd eru mál, er varða heimilishjálpinu. Hefur hann þar málfrelsi og tillögurétt.

2. gr.

Hlutverk heimilishjálparinnar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis, ljósmóður, eða á annan hátt, sem forstöðukona heimilishjálparinnar metur gilda, að hjálpar sé þörf um stundarsakir, sökum sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla, eða af öðrum ástæðum.

Hjálpin skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma í senn en 14 daga.

3. gr.

Heimilishjálpin skal jafnan leitast við að hafa til taks eina konu til heimilishjálpar.

Forstöðukonunni ber að ganga örugglega úr skugga um það, að konur þær, sem heimilishjálp stunda á vegum hreppsins, séu hæfar til starfsins og hafi heilbrigðisvottorð héraðslæknis.

Um launakjör og hlunnindi starfsfólks heimilishjálparinnar fer eftir ákvörðun hreppsnefndar.

4. gr.

Hreppsnefnd Blönduóshrepps ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er konur þær, sem vinna á vegum heimilishjálparinnar, kunna að valda við störf sín.

5. gr.

Stjórn heimilishjálparinnar ákveður hvert form skuli vera á umsóknum um heimilishjálp.

Hreppsnefnd getur veitt eftirgjöf á greiðslu fyrir heimilishjálp, að nokkru eða öllu leyti, að fengnum tillögum forstöðukonu.

6. gr.

Fyrir heimilishjálp skal greitt eftir gjaldskrá, er hreppsnefnd Blönduóshrepps setur og ráðherra staðfestir.

Hreppsnefndin setur nánari reglur um greiðslur, innheimtur og annað, er hún telur máli skipta í þessu efni.

7. gr.

Reikningar heimilishjálparinnar skulu endurskoðaðir árlega með sama hætti og reikningar sveitarsjóðsins.

8. gr.

Halli, er verða kann af heimilishjálp, sem veitt er samkvæmt lögum um heimilishjálp í viðlögum, og samþykkt þessari, greiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði, en að $\frac{2}{3}$ úr sveitarsjóði hreppsins.

Reglugerð þessi, sem samþykkt er af hreppsnefnd Blönduóshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 10 25. janúar 1952, um heimilishjálp, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Jón S. Ólafsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Siglufjarðar.

I. RAFORKA

Rafveita Siglufjarðar selur raforku á orkuveitusvæði sínu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

Um kwst.mæli á 300 aura hverja kwst.

B. Almenn heimilisnotkun.

- Um tvönnu kwst.mæla, annan til ljósa og hinn til suðu og hitunar þannig reiknað:

Fyrir notkun um ljósamælinn	300	aura á kwst.
— — — suðumælinn	70	— — —

Suðu- og hitunartæki, sem tengd eru við suðumælinn, skulu vera fasttengd. Þó má tengja eldavél um sérstakan 25 Amp. eldavélatengil og hafa einn tengil í eldhúsinu að auki fyrir suðutæki, strokjárn o. þ. h.

- Um einn kwst.mæli fyrir alla notkun á heimilinu þannig reiknað:

a. Fastagjald af gólfleti íbúðar	75	aurar á m ² á mán.
b. Orkugjald	55	— — kwst.

Við ákvörðun á gólfleti íbúðar reiknast öll íveruherbergi, eldhús, gangur og baðherbergi, en ekki geymslur og þvottahús. Íveruherbergi, sem um stundarsakir standa auð, eða eru notuð sem geymslur, skal reikna sem íbúðarherbergi. Tekið skal tillit til, ef um súðarherbergi eða því líkt er að ræða.

C. Vélanotkun.

- Um kwst.mæli á 160 aura hverja kwst.
- Ef um mikla orkunotkun er að ræða, svo sem til frystihúsa, og kaupandinn skuldbindur sig til að kaupa 20 000 kwst. á ári hið minnsta, má selja orkuna um kwst.mæli þannig:

Fyrir fyrstu	20 000	kwst. ársnotkun	93	aurar á kwst.
— næstu	30 000	—	88	— — —
— —	50 000	—	79	— — —
— —	100 000	—	66	— — —
— umfram	200 000	—	56	— — —